

Tíminn sem fór

Sumarið er tíminn,
þar sem mitt fer í ró.
Hittumst á gamla staðnum
þar sem æskan mín dó
og núna er tíminn,
tíminn sem fór
þegar öll fjöllin minnka,
skila sér niður í sjó.

Ég sakna þess
þegar tíminn var endalaus.

Sumarið er tíminn,
þó það stoppi stutt.
Hafið það glitrar,
demantar og gull
og tíminn hann hverfur,
þegar mitt fer í ró
gufar upp eins og vatnið,
þegar við fáum sól.